Samstaða á aðalfundi smábátaeigenda

breytingar á strandveiðikerfinu stærsta baráttumálið

„Samstaða smábátasjómanna innan Landssambands smábátaeigenda er meiri en líkast til hefur nokkru sinni verið frá því félagið var stofnað fyrir 38 árum. Það eru sú tilfinning sem ég hef eftir þennan aðalfund og eru að mínu mati gleðilegustu skilaboðin frá fundinum, því svo sannarlega er reynt að reka fleyg á milli manna af hendi stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila. Þó menn greini á um ákveðna hluti þá eru þeir sammála um að lýðræðislegt fyrirkomulag í félaginu er það sem ræður för," segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, um nýafstaðinn aðalfund félagsins. Arthur var á fundinum endurkjörinn til formennsku.

Strandveiðarnar brýnasta baráttumálið

Sem fyrr ályktuðu smábátaeigendur um fjölmörg málefni á aðalfundi sínum en það sem stendur upp úr eru strandveiðarnar. Sem fyrr var sú krafa ítrekuð að strandveiðileyfi hafi að lágmarki 48 róðrardaga og að heimild Fiskistofu til að stöðva strandveiðar, líkt og gerst hefur undanfarin ár, verði afnumin.

„Okkar menn reiða sig meira og meira á strandveiðarnar og því er áherslan enn meiri á þær í umfjöllun innan félagsins. Þetta skein í gegn á aðalfundinum og fundurinn samþykkti fjölda tillagna sem lúta að umgjörð strandveiða. Nú er það okkar í forystu Landssambandsins að fylgja ályktunum fundarins eftir og munum funda með matvælaráðherra til að koma sjónarmiðum okkar félagsmanna á framfæri. Ég á nú ekki von á skjótum viðbrögðum en hins vegar er það ótæk stjórnsýsla, líkt og verið hefur að undanförnu, að málin hafa verið í óvissu alveg fram á síðustu stundu, líkt og strandveiðimenn þekkja," segir Arthur. En þó smábátaeigendur leggi til ýmsar breytingar á strandveiðikerfinu hafa þeir sem fyrr uppi þá kröfu að handfæraveiðar verði gefnar frjálsar.

12 dagar í mánuði og svæðaskipting hverfi

Aðalfundur LS samþykkti hörð mótmæli við stöðvun strandveiða 11. júlí í sumar og skorar á stjórnvöld að fara að lögum um 12 veiðidaga í fjóra mánuði, þ.e. maí, júní, júlí og ágúst.

„Með því verði strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu auk þess sem jafnræði verði náð milli veiðisvæða umhverfis landið. Þannig verða þessar veiðar fyrirsjáanlegar fyrir sjómenn, fiskkaupendur og aðra sem hafa af þeim atvinnu," segir í ályktun fundarins.

Strandveiðar sem vísindaleg tilraun?


Arthur segir nauðsynlegt að komast út úr þeim átökum sem orðið hafi um strandveiðarnar. Sú hugmynd hafi verið sett fram að sett verði á fót tilraunaverkefni til 3-5 ára þar sem veitt verði í 48 daga og þannig fáist nákvæm töluleg gögn um veiðarnar, bátafjölda, afla, áhrif veðurfars á veiðarnar og þannig má áfram telja.

„Að mínu mati væri þetta tilraunarinnar virði og myndi svara mörgum fullyrðingum sem menn hafa haft uppi um strandveiðikerfið ef vikið væri frá núverandi stjórnun. Við þurfum að brjótast út úr þeim átökum sem eru um strandveiðarnar og besta leiðin væri sú að gera það á vísindalegum grunni," segir hann.

„Auðlindin okkar" mistókst

Fyrr á árinu voru kynntar tillögur starfshópa í verkefninu „Auðlindin okkar" sem var verkefni sem stjórnvöld úttu úr vör í þeim tilgangi að fá fram tillögur sem gætu orðið grunnur að breytingum á sjávarútvegsstefnunni og aukið sátt um greinina í samfélaginu. Þegar á leið starfshópavinnunnar töldu fulltrúar Landssambands smábátaeigenda ljóst að sjónarmið þeirra fengju hvergi nærri nægan hljómgrunn í starfshópum „Auðlindarinnar okkar" og sögðu sig, ásamt Strandveiðifélagi Íslands og Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, úr hinni svokölluðu Samráðsnefnd í kjölfar þess að tillögur starfshópanna voru kynntar opinberlega 29. ágúst sl. án þess að það væri borið undir nefndina. Þessu fyldi aðalfundur LS eftir á dögunum með ályktun þar sem vinnubrögðin í „Auðlindinni okkar" voru fordæmd og Arthur telur vinnubrögðin hafa verið enn eitt dæmið um óvandaða stjórnsýslu.

„Ég lít þannig á að ef þetta verkefni hefur átt að vera alvöru tilraun til að lægja öldur í kringum fiskveiðistjórnunina og sjávarútveginn í heild þá hafi hún gjörsamlega mistekist. Svo einfalt er það," segir Arthur.



■ **Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.**



■ **Sú hugmynd hefur verið sett fram að til 3-5 ára verði strandveiðar leyfðar í 48 daga eins og lög kveða á um en sem vísindalegt verkefni. Með því fáist skýr töluleg gögn um veiðarnar, s.s. aflamagn, bátafjölda, áhrif veðurs á sókn báta og svo framvegis.**

Auðvelt að stórbæta grásleppukerfið

Fyrirkomulag grásleppuveiða var einnig mikið rætt á aðalfundi smábátaeigenda en stjórnvöld hafa á allra síðustu árum viðrað hugmyndir um kvótasetningu á grásleppu. Hún hefur mætt verulegri andstöðu meðal margra smábátaeigenda. Arthur segir að í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi þing sé þó hvergi að finna frumvarp um kvótasetningu grásleppu en þrátt fyrir það sé engin fullvissa um að stjórnvöld hafi horfið frá þeim hugmyndum.

„Það eru agnúar á grásleppukerfinu og hafa verið í langan tíma sem hægðarleikur er að laga. En það er eins og stjórnvöldum leiðist ekki þó að það sé urgur og óánægja með fyrirkomulag grásleppuveiða eins og það er í dag," segir Arthur.

„Ég tel að það eigi að reikna út dagafjöldann miðað við ráðgjöf í stað þess að gefa út takmarkaðan dagafjölda rétt fyrir upphaf vertíðar og bæta síðan við veiðidögum eftir það. Á síðustu vertíð gerðist það að bætt var við dögum eftir að menn höfðu tekið upp netin. Afleiðingin af óbreyttu fyrirkomulagi kristallaðist á vertíðinni í vor þegar við vorum talsvert frá því að ná ráðlögðum heildarafla, sem ætti alltaf að vera markmiðið. Svona agnúa er hægt að laga og við teljum líka að það eigi að heimila mönnum að taka netin upp án þess að veiðidagar tapist þegar stefnir í stórar brælur," segir Arthur Bogason.



■ **Strandveiðar eru nú orðið eitt brýnasta baráttumál smábátaeigenda. Sem fyrr krefjast þeir þess að veiðar verði í 48 daga á fjögurra mánaða tímabili yfir sumarið, líkt og kveðið sé á um í lögum og að Fiskistofu verði óheimilt að stöðva veiðarnar fyrr, líkt og gerst hefur undanfarin ára.**